

4. fundur undirbúningsstjórnar Blönduósbæjar og Húnavatnshrepps

Fundur haldinn þann 21. mars 2022 kl. 16:00 í fjarfundi á Zoom.

Fundinn sátu:

- Jón Gíslason, formaður
- Ragnhildur Haraldsdóttir
- Þóra Sverrisdóttir
- Einar Kristján Jónsson, sveitarstjóri
- Arnrún Bára Finnsdóttir
- Guðmundur Haukur Jakobsson
- Jón Örn Stefánsson
- Valdimar O. Hermannsson, sveitarstjóri
- Róbert Ragnarsson og Jón Hrói Finnsson RR ráðgjöf, sem ritaði fundargerð.

Dagskrá

1. Erindi til innviðaráðuneytis

Lögð fram drög að erindi til innviðaráðuneytis ásamt drögum að samþykktum fyrir sameinað sveitarfélag og yfirliti yfir reglur og samþykktir Blönduósbæjar og Húnavatnshrepps. Bent var á að í grunn og leikskólum eru í gildi reglur sem gætu átt heima á yfirliti yfir reglur og samþykktir. Ráðgjöfum falið að uppfæra yfirlitið.

Formanni falið að senda erindið ásamt fylgiskjölum.

2. Fundur með starfsmönnum um áhrif sameiningar

Formaður minnti á ákvörðun samstarfsnefndar um að halda almennan starfsmannafund þar sem farið verður yfir áhrif sameiningar á skipulag sveitarfélaganna og störf þeirra. Ráðgjafar og sveitarstjórar velja tímasetningu og skipuleggja fundinn. Fundurinn verður tekinn upp og gerður aðgengilegur þeim sem ekki komast á hann.

Fundargerðin var lesin upp og staðfest.

Næsti fundur fer fram mánudaginn 28. mars kl. 16.

Fleira var ekki gert og fundi slitið kl. 17:00.